



## Fundarboð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 17. janúar 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fund.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1101026 - Útboð á raflögn í á skjólgarð í Reykólahöfn.

Niðurstöður úr verðkönnun vegna raflagnar á skjólgarð og umsögn Siglingastofnunar dagsett 14. janúar 2011.

Tveir aðilar skiluðu verðtilboðum.

##### **Grundarorka ehf.**

Aðaltilboð skv. útboðsgögnum	heildartilboð	kr. 3.049.916,-
Frávik m.v. álstrengi alla leið	heildartilboð	kr. 2.163.896,-

##### **Rafsel ehf.**

Aðaltilboð skv. útboðsgögnum	heildartilboð	kr. 2.165.849,-
Frávik m.v. álstreng milli TSK1 - TSK2	heildartilboð	kr. 1.527.369,-

Kostnaðaráætlun hönnuða hljóðar uppár kr. 3.065.994.-

*Sveinn Ragnarsson vísar af fundi og felur Agli Sigurgeirssyni fundarstjórn undir þessum lið. Egill gerir tillögu um að tekið verði frávikstilboð Rafsels ehf. sem hljóðar uppá 1.527.369.- eins og Siglingastofnun leggur til í umsögn sinni. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1101027 – Framkvæmdir á Vestfjarðarvegi milli Eiðis og Þverár.

Erindi frá Vegagerðinni tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 13. janúar 2011 og vísað til skipulags og byggingarnefndar til umsagnar með tilliti til breytingar á aðalskipulagi.

*Sveinn Ragnarsson tekur við fundarstjórn. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Skipulagsstofnunar vegna málsins.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 10:35**
